

TSÍ fundur 15. júní 2010 kl:12:00

Staðsetning: Laugardal

Mættir: Rakel Pétursdóttir, Gunnar, Hafsteinn Dan, Ingólfur.

1. Ólympíuleikar æskunnar

Ingólfur upplýsti stjórn um skilning ÍSÍ á réttarstöðunni eftir samtöl við Andra og Höllu skrifstofustjóra hjá ÍSI. Ekki hefði náðst í Líney. Sá skilningur væri að stjórnarsamþykktir stæðu.

Samþykkt var að senda þann reikning sem TSÍ fékk frá ÍSÍ áfram á þá einstaklinga sem nutu góðs af ferðinni í samræmi við fyrri stjórnarsamþykktir. Jafnframt var samþykkt að Ingólfur hlutaðist til um að fá afstöðu ÍSÍ skriflega og hann fengi álit frá lögmanni ÍSÍ um úthlutun fjársins.

2. Íslandsmeistaramótið

Stjórnin taldi brýnt að finna mótstjóra fyrir Íslandsmeistaramótið utanhúss í ágúst nk. Samþykkt var að Ingólfur myndi senda á alla áhugasama, t.d. Leif og Andra, um hvort þeir vildu taka að sér mótstjórn.

3. Árshátíð

Rætt var um hvort betra væri að árshátíðin væri haldin í ágúst í kjölfar Íslandsmeistaramótsins. Samþykkt var að halda hana í október/nóvember. Jafnframt var samþykkt að leitast við að fá tennisklúbb til að halda hana. Rætt var um að 30.000 kr. hefðu ekki skilað sér vegna vanskila á greiðslu fyrir árshátíðina. Stjórnin taldi þetta bagalegt. Rætt var um mögulegar innheimtuaðgerðir.

4. Dómaragreiðslur

Rætt var um styrkbeiðni Raj vegna dómara starfa á Coca Cola Open sumarið 2009 en samkvæmt upplýsingum sem lágu fyrir stjórninni hefði dómara nefnd greitt vegna dómara starfa á Kópavogur Open sumarið 2009 kr. 22.000. Raj færi fram á samtals kr. 26.000 vegna dómsgæslu síns, Óskars og Helga. Rætt var um hvort rukka ætti inn 22 þús kr. sem voru greiddar vegna Kópavogur Open. Samþykkt var að greiða Yousef kr. 26.000 inn á nýstofnaðan reikning dómara nefndar með þeim fyrirmælum um að Yousef sæi um að greiða út vegna dómgæslu. Þannig myndi Raj fá ca. kr. 17.000 í samræmi við kröfu hans, Helgi og Óskar myndu skipta með sér afgangnum í samræmi við sundurliðun þá er Raj lagði fram.

Stjórnin lagði hins vegar mikla áhersla á það hefði verið tekið skýrt fram t.d. í nýlegum stjórnarsamþykktum að aðeins væri veittir þessir 130 þús kr. styrkir til mótanna og þeir fjármunir sem væru lagðir í dómara nefnd væru fyrir Íslandsmeistaramótið og stórmótin en ekki evrópumótin. Þá lagði stjórnin áherslu á að ekki væri hægt að dæma fyrst en rukka síðan. Slíkir hlutir yrðu að vera gerðir í samkomulagi við dómara nefnd.

5. Greiðslur vegna þátttöku í Davis Cup og aðrar kröfur frá Raj

Stjórnin fól Hafsteini Dan að senda á Leif og Andra greiðsluupplýsingar og greiðsluáskorun fyrir þeim kr. 30.000 sem leikmenn áttu að greiða fyrir þátttöku á Davis Cup.

Stjórnin samþykkti að Raket myndi upplýsa Raj um þann skýra skilning stjórnar að kr. 30.000 væru ekki fjármunir sem væru greiddir út heldur fælist það í eftirgjöf kröfu TSÍ á hendur leikmanni, þ.e. kaftinn slyppi við að borga kr. 30.000 á meðan aðrir leikmenn greiddu kr. 30.000.

Rætt var um greiðslubeiðni Raj fyrir ýmsa liði hátt í kr. 120.000 m.a. fyrir ITN listann og þjálfaranámskeið sem hann hélt. Samþykkt var að Raket myndi senda Raj að beið hefði verið með greiðslur sem væru ekki umfram reikning vegna þátttöku í Ólympíuleikum æskunnar þar til það mál væri leitt til grafar.

6. Kvinnalandsliðsmál

Hafsteinn Dan upplýsti stjórn um stöðu mála vegna kvinnalandsliðsfarar. Koma myndi í ljós hvort Sandra Dís myndi fara og keppa annaðhvort á móti í Frakklandi eða WTA móti eða hvort ferðalög allra leikmanna myndu falla niður.

Stjórnin taldi mikilvægt að halda boðskiptaleiðum við Odense tennisklúbbinn í Danmörku opnum. Sú hugmynd kom fram að senda út unglíngalandslið þangað næsta sumar. Talið var mikilvægt að byrja skipulagningu slíkrar ferðar sem fyrst.

7. Gagnagrunnur

Raket kynnti fyrir stjórninni gagnagrunna sem hægt er að kaupa á netinu t.d. tournamentsoftware.com og tennisinformation.com. Ákveðið var að fela formanni mótanefndar, Ingólfi, að kanna hvað slíkir gagnagrunnar kosta.

Fundi slitið.